

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2024
UST202311-272/B.S.
10.05.00

Efni: Rannsóknarleyfi vegna áforma um Svansvirkjun. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 23. nóvember sl. vegna umsóknar um rannsóknarleyfi vegna virkjunaráforma í Þverá í Bjarnarfirði.

Fram kemur í umsókninni að ekki sér gert ráð fyrir neinu raski á svæðinu sem kalla á stórvirkar vélar, tæki eða mannvirki af neinu tagi. Umhverfisstofnun telur jákvætt að rask verði eins lítið og kostur er við yfirborðrannsóknir. Til að svo megi vera ætti að fara um landið með léttum tækjum og þegar land er hvað þurrast.

Umhverfisstofnun hefur skoðað aðstæður í Bjarnarfirði og telur að samfara rannsóknum verði lögð mikil áhersla á að koma mannvirkjum fyrir þannig að þau falli sem best að fallegu umhverfi.

Tvö vatnshlot eru innan áhrifasvæðis rannsóknarsvæðisins; Þverá (101-419-R) og Bjarnarfjarðará (101-412-R) og vistfræðilegt ástand þeirra hefur verið metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Umhverfismarkmið allra vatnshlota er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá [vatnaáætlun](#) og [vatnavefsja vatnamála](#)). Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota byggir á líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum (sjá vatnaáætlun).

Framkvæmdaraðili þarf að gera mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Bent er á að vatnsaflsvirkjanir hafa umtalsverð áhrif á vatnshlot öllu jafna, og því ber að huga snemma að því í ferlinu hver áhrifin á vatnshlot verða, bæði bein og óbein áhrif. Verði niðurstöður slíks áhrifamats til þess að líklegt sé að umhverfismarkmið náist ekki, getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshlotunum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst,

Ríkey Kjartansdóttir
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
Teymisstjóri